

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is



Reykjavík, 12. nóvember 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.)

Hinn 29. október sl. birti fjármála- og efnahagsráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.), til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið það skjal sem þar með var birt og vilja koma eftirfarandi á framfæri.

Samtökin fagna þeim breytingum sem koma fram í fyrirleggjandi frumvarpsdrögum sem lúta öll að frekari hvötum til orkuskipta í samgöngum. SAF hafa tekið afstöðu með markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum og telja orkuskipti í samgöngum verulega mikilvæg í því samhengi. Þau metnaðarfullu markmið sem stjórnvöld hafa sett sér munu óhjákvæmilega krefjast þess að orkuskiptum verði hraðað. Að mörgu leyti endurspeglar kaupverð vistvænna ökutækja enn háan þróunarkostnað. Þátttöku í orkuskiptum fylgir enn fremur áhætta sem t.d. tengist upptöku nýrrar tækni, fjárfestingu í nýjum rekstrar- og þjónustuinnviðum, óvissu um tækniþróun og markaðssetningu. Til lengri tíma litið ættu orkuskiptin að skila þjóðhagslegum ábata en sá ábati er hins vegar í mörgum tilvikum enn ekki nægilega nálægur. Undir slíkum kringumstæðum eru jákvæðir efnahagslegir hvatar til fjárfestinga í vistvænum ökutækjum lykilatriði í því að tryggja virka þátttöku einstaklinga og fyrirtækja.

SAF vilja nota tækifærið og fagna sérstaklega ákvæðum b-liðar 2. gr. og 3. gr. Þau áform sem endurspeglast í nýju bráðabirgðaákvæði um virðisaukaskattsundanþágu útleigu ökutækja hafa í raun verið lengi í pípunum. Að mati samtakanna mun slík undanþága bæta samkeppnisstöðu vistvænna bifreiða verulega þegar að útleigu kemur. Þá mun flýtifyrning vistvænna ökutækja tvímælalaust hvetja atvinnulífið til fjárfestingar í vistvænum ökutækjum. Reynslan verður að sýna hve langt flýtifyrningin fleytir okkur en a.m.k. er hægt að segja að í henni birtist jákvæð hvatning.

Segja má að hleðsluinnviðir fyrir rafmagnsbifreiðar séu enn í uppbyggingarfasa. Þar sem skráðar hreinar rafmagnsbifreiðar eru enn tiltölulega lítil hluti fólksbílaflotans má telja næsta líklegt að eigendur tengiltvinnbifreiða hafi verulegu hlutverki að gegna þegar að því kemur að tryggja forsendur fyrir æskilegum vexti og þróun innviðauppbyggingar.

Við upphaf líðandi árs voru samtals 8.735 tengilbifreiðar skráðar hér á landi, að tengiltvinnbifreiðum meðtöldum, eða sem nemur 3,27% fólksbílaflotans. Enn má því ætla að rekstrarforsendur þróaðra hleðsluinnviða séu takmarkaðar. Ef fjöldi tengilbifreiða væri 30.000 um þessar mundir næmi hann 11,22% af fólksbílaflotanum. Það gefur auga leið að undir slíkum kringumstæðum væru rekstrarforsendur hleðsluinnviða sterkari en þær eru í dag og uppbygging þeirra hraðari. Tengiltvinnbifreiðum fjölgaði um 90% á milli árána 2017 og 2018. Á sama tíma fjölgaði hreinum rafmagnsbifreiðum um 41%. Ef þessi fjölgun mundi halda sér næstu ár munu tengilbifreiðar, að tengiltvinnbifreiðum meðtöldum, ná 30.000 bíla markinu á árinu 2021 og tengiltvinnbifreiðar enn leiða vagninn. Í ljósi umbreytinga sem orðið hafa á upplýsingagjöf um koltvísýringslosun bifreiða (WLTP í stað NEDC) og hertari reglna um meðallosun bifreiðaframleiðslu í ESB munu bifreiðaframleiðendur á markaðssetja á næstunni tengiltvinnbifreiðar með allt að tvöfalt stærri rafhlöðu en nú er. Ætla má að innkaupsverð þeirra muni verða hærra sem nemur þeim kostnaðarauka sem stækkunin hefur í för með sér. Þar með er hætt við að samkeppnishæfni tengiltvinnbifreiða gagnvart hefðbundnum bensín- og dísilbifreiðum muni versna á næstu árum.

SAF fagna frumvarpsdrögunum en leyfa sér að leggja til að gildistími virðisaukaskattsívilnunar tengiltvinnbifreiða verði lengdur út árið 2022 og hámarksfjöldi bifreiða sem undir hana geti fallið verði 15.000.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson